


FERLI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA RÍKISENDURSKOÐUNAR

**Starfsáætlun
Hættumerki
Beiðni**



FORKÖNNUN

AÐALÚTTAK

EFTIRFYLGNI

1. Stjórnendur stjórnsýslusviðs ákveða forkönnun með samþykki ríkisendurskoðanda. Úttektarteymi (sérfræðingur og deildarstjóri) valið. Viðkomandi aðilum (ráðuneyti / stofnun) sent forkönnunarbréf.
2. Úttektarteymi aflar gagna, metur ávinning aðalúttektar og skilar sviðsstjóra: a) minnisblaði um niðurstöður ([Form fyrir niðurstöður forkönnunar](#)), b) endurskoðunaráætlun sé mælt með aðalúttekt ([Form fyrir endurskoðunaráætlanir](#)).
3. Stjórnendur og ríkisendurskoðandi ákveða framhaldið:
 - 3a. Að hefja aðalúttekt. Afmörkun samþykkt og endurskoðunaráætlun staðfest. Viðkomandi aðilar fá tilkynningu um aðalúttekt og minnisblað um niðurstöður forkönnunar til umsagnar. Tilkynning sett á ytri vef.
 - 3b. Að hefja ekki aðalúttekt hnigi ekki rök til þess eða að fresta henni sé hún ekki talin tímabær. Viðkomandi aðilum tilkynnt um ákvörðunina í minnisblaði eða gefin út stutt opinber skýrsla með helstu niðurstöðum (og ábendingum).
- 4a. Sérfræðingur vinnur úr gögnum og semur skýrslu skv. áætlun og afmörkun / breyttri áætlun og afmörkun. Deildarstjóri fylgist með framvindunni og fer reglulega yfir fyrirbyggjandi skýrsludrög. Slíkt getur leitt til 4b.
- 4b. Úttekt er hætt / frestað, t.d. ef aðstæður breytast eða nýjar upplýsingar koma fram. Niðurstöður birtar í minnisblaði eða stuttri skýrslu.
5. Sviðsstjóri samþykkir að skýrsludrög séu send í gæðarýni innanhúss. Gæðarýnar, tveir starfsmenn, fara yfir drögin á rýnifundi með úttektaraðilum og sviðsstjóra og fylla út eyðublaðið [Niðurstaða gæðarýni](#).
6. Úttektarteymi metur athugasemdir gæðarýna og býr drög til umsagnar utanhúss. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja þau.
7. Drög að skýrslu eru send stofnun, ráðuneyti og hagsmunaaðilum með beiðni um skriflegar athugasemdir og viðbrögð við ábendingum innan tiltekins tíma.
8. Úttektaraðilar fara yfir athugasemdir umsagnaraðila og búa skýrslu til útgáfu í samráði við sviðsstjóra. Upplýsingafulltrúi fer yfir skýrsludrögin.
9. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja endanlega skýrslu til útgáfu. Upplýsingafulltrúi útbýr frétt á vef.
10. Skýrsla birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Alþingi og viðkomandi ráðuneyti og stofnun upplýst um það. Skýrsla kynnt Alþingi.
11. Deildarstjóri og sérfræðingur fara yfir framgang verkefnis, hvað gekk vel og hvað miður og hvaða lærdóm má draga af þessu. Fylla út eyðublað, sjá [Mat úttekta](#).
12. Eftirfylgni: Viðbrögð við ábendingum skýrslu könnuð þremur árum eftir útgáfu hennar. Viðkomandi aðilum (ráðuneyti / stofnun) tilkynnt um eftirfylgni og óskað eftir upplýsingum um afdrif ábendinganna.
13. Skýrsla um eftirfylgni unnin, gæðarýnd, send í ytri umsögn og síðan birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Alþingi og viðkomandi ráðuneyti/stofnun upplýst um það. Skýrslan kynnt Alþingi.

